

Bryti 11070



Frá Akurey 2, V-Landeyjum
Fæddur: 15. nóvember 2011
Ræktandi: Félagsbúið

Faðir: Gyllir 03007

Móðurætt:

M. Búbót 580
Mf. Stígur 97010
Mm. Næla 500
Mff. Óli 88002
Mfm. Skessa 368, Oddgeirshólum
Mmf. Kaðall 94017
Mmm. Tala 441

Lýsing/umsögn:

Rauðkollóttur, kollóttur. Yfirlína örllítið veik en boldýpt góð og útlögur í meðallagi. Malir nokkuð breiðar en ögn hallandi og brattar. Fótstaða aðeins hokin en rétt. Þéttvaxinn, jafnvaxinn og sterklegur gripur en fremur lágfættur. Meðalvaxtarhraði 875 g/dag.

Umsögn um móður:

Búbót 580 er fædd í september 2005. Rauð, kollótt. Í árslok 2012 var hún búin að mjólka í 5,2 ár, að meðaltali 6.953 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,69% sem gefur 257 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,44% sem gefur 309 kg af mjólkurfitu eða 566 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: Búbót 580

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
116	102	109	113	115

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjöltun	Skapgerð
87	17	18	18	5

Kjarni 11079



Frá Seljatungu, Flóahreppi
Fæddur: 14. desember 2011
Ræktandi: Haukur Sigurjónsson

Faðir: Ófeigur 02016

Móðurætt:

M. Sería 313
Mf. Laski 00010
Mm. Dumba 215
Mff. Smellur 92028
Mfm. Lubba 177, Dalbæ
Mmf. Völustakkur 01026
Mmm. Snælda 189

Lýsing/umsögn:

Ljósrauður með hvítt í hala. Kollóttur. Yfirlína bein, boldýpt og útlögur í meðallagi. Malir í meðallagi breiðar en örllítið brattar og hallandi. Fótstaða bein en ögn nástæð. Fremur fingerður en jafnvaxinn gripur sem er í meðallagi háfættur. Meðalvaxtarhraði 821 g/dag.

Umsögn um móður:

Sería 313 er fædd í desember 2007. Rauð, kollótt. Í árslok 2012 var hún búin að mjólka í 3,0 ár, að meðaltali 6.444 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,49% sem gefur 225 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,21% sem gefur 271 kg af mjólkurfitu eða 496 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: Sería 313

Kynbótamat				
Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
104	103	112	110	109

Útlitsdómur				
Stig alls	Júgur	Spenar	Mjöltun	Skapgerð
86	18	18	17	5